

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar - Ágúst 2017

Skráð atvinnuleysi var 1,9% í ágúst

Skráð atvinnuleysi í ágúst var 1,9% og jókst atvinnuleysi um 0,1 prósentustig frá júlí. Að meðaltali fækkaði um 34 á skrá í ágúst í ár frá ágúst í fyrra (2016), en þá mældist atvinnuleysi 2,0%.

Atvinnuleysi breyttist lítið milli landshluta frá júlí. Á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni í heild jókst atvinnuleysi um 0,1 prósentustig vegna árstíðarsveiflu, Á Vesturlandi jókst það um 0,1 prósentustig en var óbreytt annars staðar.

Alls höfðu 847 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok ágúst en voru 973 í ágústlok 2016. Hefur þeim því fækkað um 126 milli ára.

Greidd var 701 milljón í atvinnuleysistryggingar í ágúst og 976 milljónir í fæðingarorlof.

Í ágúst komu alls inn 304 ný laus störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar. Mest var um ýmis konar afgreiðslustörf í verslunum og veitingastöðum, ýmis sérhæfð störf við þjónustu og umönnun auk starfa


verkafélks í iðnaði, landbúnaði, fiskvinnslu, ræstingum, við uppvask og fleira.

Alls voru 967 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok ágúst eða um 25% allra atvinnulausra. Flestir þeirra komu frá Póllandi, 564 eða um 58% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá.

Í ágúst gaf Vinnumálastofnun út 99 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Þar af var 31 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 40 framlengd leyfi og 28 leyfi til námsmanna. Hefur stofnunin gefið út 1.189 atvinnuleyfi það sem af er árinu 2017.

Alls voru 1.928 starfsmenn starfsmannaleiga starfandi á Íslandi í ágúst á vegum 28 starfsmannaleiga. Þeim hefur fjölgað um 49 milli mánaða.

Alls fóru 784 einstaklingar af skrá í ágústmánuði. Flestir þeirra fóru í vinnu eða um 66% og 14% að auki staðfestu ekki atvinnuleit í lok ágúst og má gera ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu. Þá fóru 90 einstaklingar, eða um 11%, af skrá vegna þess að þeir voru að hefja nám á haustmisseri.



Greining atvinnuleysis

Atvinnuleysi í ágúst og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í ágúst mældist eins og fyrr segir 1,9% og voru að jafnaði 3.519 einstaklingar á skrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 5 á atvinnuleysissskrá frá júlí.

Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum í ágúst eða 2,1% og 1,9% á Norðurlandi eystra.

voru atvinnulaus. Nokkur fjölgun var hins vegar í aldurshópum 25 til 54 ára milli ára en lítis háttar fækkun meðal þeirra elstu.


Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 847 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok ágúst en voru 973 í ágústlok 2016. Hefur þeim því fækkað um 126 milli ára. Frá lokum júlí er fækkun atvinnulausra sem hafa verið án vinnu yfir 12 mánuði um 11 manns.

Starfsstéttir og atvinnugreinar

Fækkun var í hópi atvinnulausra sem starfað höfðu við sölu- og afgreiðslustörf, skrifstofustörf og ýmis sérhæfð þjónustustörf frá ágúst 2016. Verkaþólfki fjölgaði á hinn bóginn sem og véla- og vélgæslufólki, iðnaðarmönnum og sjómönnum. Þegar breytingar eru skoðaðar eftir atvinnugreinum má sjá að fækkað hefur úr fjármála- og tryggingastarfsemi, félaga- og menningarstarfsemi, upplýsingastarfsemi, verslun og

Atvinnuleysi eftir landshlutum



Alls voru 1.614 karlar að jafnaði atvinnulausir í ágúst og 1.905 konur og var atvinnuleysi 1,6% meðal karla og 2,3% meðal kvenna. Atvinnuleysi minnkar milli ára hjá konum og er nú 0,2 prósentustigi lægra en í ágúst 2016. Atvinnuleysi eykst á hinn bóginn lítið eitt meðal karla og er nú 0,1 prósentustigi hærra en í ágúst 2016.

Alls voru 420 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok ágúst í ár sem samsvarar 1,6% atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmennum hefur fækkað lítið eitt frá ágúst 2016 þegar 443 ungmenni

**GREIÐSLUSTOFA
GREIDDI**

701 milljón

Í ágúst

Par af voru:

639 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga.

25 milljónir vegna barnadagpeninga.


37 milljónir vegna tekjutengdra atvinnuleysistrygginga.

iðnaði milli ára. Hins vegar fjölgaði atvinnulausum nokkuð milli ára í byggingariðnaði og sjávarútvegs- greinum, auk sérfræðistarfsemi af ýmsu tagi og heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 967 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok ágúst eða um 25% allra atvinnulausra og hefur fjöldinn verið svipaður síðustu mánuði. Þessi fjöldi samsvarar um 4,0% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá komu frá Póllandi eða um 58%.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni



Horfur til næstu mánaða

Atvinnuleysi er yfirleitt með minnsta móti í september og er gert ráð fyrir að svo verði einnig í ár. Stafar það að hluta til af því að störf losna þegar skólafólk fer af vinnumarkaði, s.s. ýmis afgreiðslu- og þjónustustörf í verslun og veitingastarfsemi. Þá má búast við fækkun atvinnulausra í fræðslustarfsemi þegar skólar hefjast, sem og í ýmis konar menningarstarfsemi og starfsemi félagasamtaka.

Því er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði á bilinu 1,7-1,9% í september.

Þjónusta við atvinnuleitendur


Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 784 einstaklingar af skrá í ágústmánuði, þar af fór 521 í vinnu eða um 66%. Þá voru 107 einstaklingar (14%) sem staðfestu einfaldlega ekki atvinnuleit í lok ágúst eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu. Þá fóru 90 einstaklingar (11%) af skrá vegna þess að þeir voru að hefja nám á haustmísseri.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa. Þannig fóru 14 af skrá vegna tóku fæðingarorlofs, 15 voru óvinnufærir eða fóru í einhver endurhæfingar- eða meðferðarúrræði, 12 manns hættu við umsókn eða drógu hana til baka og 25 nefndu ýmsar aðrar ástæður s.s. búferlaf lutninga eða að bótaréttur hafi verið fullnýttur.

Ástæður þess að fólk fór af atvinnuleysissskrá í ágúst



Konur eru að þessu sinni í meirihluta þeirra sem fóru af skrá, eða um 65% afskráðra. Þær eru í meirihluta þeirra sem fóru í nám, en eru einnig mun fjölmennari í hópi þeirra sem fóru í vinnu. Um 2/3 hlutar afskráðra, eða yfir 520 manns, höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf t.ár, 150 manns (19%) í hálf t. til eitt ár og um 110 (14%) lengur en ár.

Margir þeirra sem fóru í starf nýttu sér þjónustu vinnumiðlunar Vinnumálastofnunar við atvinnuleitina. Sumum var miðlað beint í starf af atvinnuráðgjafa, aðrir fengu ráðgjöf og urðu sér út um starf upp á eigin spýtur og enn aðrir voru einungis skráðir atvinnulausir og fundu sér starf án nokkurrar aðstoðar.

Auglýst störf í vinnumiðlun í ágúst

Í ágúst komu alls inn 304 ný laus störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar. Flest þeirra, eða 185 (61%) voru á höfuðborgarsvæðinu og því næst 39 (13%) á Suðurlandi, 29 (10%) á Norðurlandi eystra og 27 (9%) á Suðurnesjum. Um 7% auglýstra starfa voru annars staðar á landinu.

Auglýst störf eru nokkuð fjölbreytt eins og fram kemur í töflunni hér að neðan. Þannig er um 25% starfa afgreiðslustörf á matsölustöðum og kaffihúsum og í verslunum af ýmsu tagi, 20% starfa eru fjölbreytt störf við þjónustu, s.s. þjónar, kokkar og starfsfólk við gæslu og umönnun og um 11% að auki eru verkafólk í þjónustugreinum, s.s. við ræstingar og uppvask. Þá eru um 19% verkafólk í byggingariðnaði og öðrum iðnaði, fiskvinnslu og landbúnaði.


Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- og sérfræðistörf, skrifstofufólk	37	12%
Þjónustustörf	62	20%
Afgreiðslustörf í verslunum og matsölustöðum	77	25%
Iðnaðarmenn	24	8%
Bílstjórar og vélafólk	11	4%
Verkafólk í þjónustu	34	11%
Verkafólk í landbún, garðyrkju	59	19%
Samtals	304	100%

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Alls voru 108 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum í ágúst og er skiptingin nokkuð jöfn á karla og konur og dreifing eftir menntun er líka í samræmi við dreifinguna á skránni í heild. Starfstengd vinnumarkaðsúrræði eru hlutfallslega meira nýtt á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, en ríflega helmingur starfsþjálfunarsamninga er á landsbyggðinni, en aðeins um 30% þeirra sem eru á skrá.

Þá voru 236 manns í ýmsum úrræðum, en einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni.

Af þessum 236 voru 63 í ýmis konar grunnúrræðum, en grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitar námskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfstyrkingu. Þá voru 80 á ýmis konar námskeiðum, í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlendinga, og 36 manns höfðu í ágúst skráð sig í nám á framhalds- eða háskólastigi og má sjá aldersdreifingu þeirra á mynd hér að neðan.



Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í ágúst unnu 30 einstaklingar að slíkri hugmynd, 15 karlar og 15 konur. Þá voru 27 einstaklingar í atvinnutengdri endurhæfingu, 15 karlar og 12 konur. Ríflega helmingur þeirra var á aldrinum 18-29 ára sem er töluvert hærra hlutfall en er á skrá úr þessum aldershópi.

Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í ágúst voru gefin út 37 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 15 einstaklingar. Alls voru gefin út 303 slík vottorð á tímabilinu janúar til ágúst 2017, sem er nokkur fækkun frá sama tíma síðustu ár.

Á fyrstu átta mánuðum ársins hafa samtals verið móttækin 41 U2 vottorð útlendinga sem koma í atvinnuleit til Íslands.

Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með því markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í ágúst voru gefin út 68 U1 vottorð, flest til Póllands eða 27, næst í röðinni var Tékkland, en þangað voru gefin út og send 16 slík vottorð, 6 vottorð til Spánar og 5 til Þýskalands, en færri vottorð til um 10 landa að auki.

Á fyrstu átta mánuðum ársins hafa samtals verið gefin út og send 504 U1 vottorð, sem er nokkru meira en í fyrra og raunar síðustu 4 ár að jafnaði.

Útflutt réttindi í atvinnuleisstryggingakerfinu eftir löndum, jan.-ág. 2017




Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

Mikil aukning í úgöfnum atvinnuleyfum til hjúkrunarfræðinga frá Filippseyjum

Í ágúst gaf Vinnumálastofnun út 99 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.189 atvinnuleyfi það sem af er ári. Af úgöfnum leyfum í ágúst var 31 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 40 framlengd leyfi og 28 leyfi til námsmanna.

Það sem af er árinu hefur Vinnumálastofnun gefið út 107 ný atvinnuleyfi til sérfræðinga til að starfa hér á landi. Í þeim hópi er að finna útlendinga frá 27 ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, en 71 leyfi var veitt ríkisborgurum frá sex ríkjum.




Af 23 leyfum til útlendinga frá Filippseyjum eru 19 leyfi veitt til starfa sem hjúkrunarfræðingar og þrjú leyfi sem sjúkraliðar. Til samanburðar má nefna að allt árið 2016 gaf Vinnumálastofnun út átta ný tímabundin atvinnuleyfi fyrir hjúkrunarfræðinga hér á landi og voru öll leyfin til útlendinga frá Filippseyjum.

Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 36 erlend fyrirtæki skráð með útsenda starfsmenn á Íslandi í ágúst 2017. Fjöldi starfsmanna á vegum þessara fyrirtækja var samtals 488 og hefur þeim fækkað um 60 frá síðasta mánuði.

Töluverður fjöldi erlendra þjónustufyrirtækja hefur verið starfandi á Íslandi síðastliðna mánuði. Flest

fyrirtækin sem voru starfandi á íslenskum vinnumarkaði í ágúst komu frá Póllandi, líkt og meðfylgjandi súlurit sýnir.



Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra, samtals 1.928 í mánuðinum á vegum 28 starfsmannaleiga. Þessum starfsmönnum hefur því fjölgað á milli mánaða, eða um 49.

Af þeim 28 starfsmannaleigum sem voru starfandi á Íslandi í ágúst voru 17 innlendar og 11 erlendar. Innlendu starfsmannaleigurnar voru með 1.850 starfsmenn á sínum vegum en hinar erlendu með 78. Starfsmenn starfsmannaleiga starfa því að miklum meirihluta til hjá innlendum starfsmannaleigum líkt og síðustu mánuði. Þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum starfsmannaleigum teljast vera útsendir starfsmenn (e. posted workers), líkt og þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum þjónustufyrirtækjum. Í ágúst voru því samtals 566 útsendir starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði.

FÆÐINGARORLOFS- SJÓÐUR GREIDDI

976 milljónir

til 1.542 karla og 2.830 kvenna
í ágúst 2017

ÁBRGÐARSJÓÐUR LAUNA GREIDDI

11 launamönnum

vangoldin laun vegna gjaldþrota
fyrirtækja í ágúst

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistödlur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra